

Kennsluáætlun 2026 - 2027

1. - 4. bekkur

Námsgrein: Heimilisfræði

Kennarar: Vigdís Sigvarðardóttir og Lára Björk Sigurðardóttir

Markmið:

Að nemendur læri að vinna saman, fara eftir einföldum uppskriftum og kynnast þeim áhöldum sem finna má í eldhúsum og hvað ber að varast. Að þjálfa færni nemenda svo þeir geti byggt þekkingu áfram á góðum grunni sem undirbýr þá fyrir heimilishald seinna meir. Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigða lífshætti, valið hollan mat og útskýrt áhrif hans á líkama og líðan, farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Mikilvægi þess að heilsa, kynna sig og kveðja.
- Kennslueldhúsið sem þeirra kennslustofu, sameiginlega með öðrum nemendum skólans.
- Allar eldhúsreglurnar og kynnir þær.
- Að í eldhúsinu geta falist hættur ef óvarlega er farið með áhöld og tæki.
- Samvinnu, samhjálp og sameiginlega ábyrgð.
- Mikilvægi handþvottar, hvers vegna? Hæfilega notkun á sápu og handþurrkupappír – sýnikennsla.
- Svuntunotkun, hvers vegna?

Námsmat

- Símat og leiðsagnarmat:
- Metin er virkni, viðhorf og þátttaka í tímum
- umgengni og samvinna.
- Námsmat gefið í formi umsagnar í annarlök og einkunnargjöf í orðunum: *Framúrskarandi/Hæfni náð/Á góðri leið/Þarfnast þjálfunar/Hæfni ekki náð.*

Námsgögn

Heimilisfræði er að mestu verkleg þar sem nemendur læra að vinna með ýmis tæki og tól en við munum notast við námsbókina Gott og gaman/Heimilisfræði 2 ásamt uppskriftum og öðru efni frá kennara á haustönn.